

1870.
31. maí.

ing skipshafnarinnar, ef skipið brotnar, þá mælist stjórnarráðið til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, segið sýslumönnum í yðar umdæmi til um það, að ef það kemur fyrir, að eigi að flytja skipbrotsmenn, og útgjörðarmaður skipsins sè staddur á Íslandi eða á verzlunarstað þar, þá er það skylda hans eða verzlunarfulltrúa hans, að sjá um viðurværi handa skipbrotsmönnum og annast um, að þeir verði fluttir heim til sín, án þess að hið opinbera skerist í málið, og að hlutadeigandi sýslumaður, ef hann á annað borð hefir undir höndum nokkuð af andvirði strandsins, eigi að senda með skipbrotsmönnum það fè, sem með þarf, til þess að koma þeim áleiðis, er hann sendir þá til lögreglustjórans í öðru lögsagnarum-dæmi.

Því skal við bætt, að hinum öðrum amtmönnum á Íslandi er ritað um þetta efni það, sem þeir eiga að hafa fyrir reglu.

31. maí. **39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannafélaginu í Reykjavík til byssukaupa.**

Um leið og þèr senduð hingað aptur bænarskrá, þar sem stjórnarnefndin í skotmannafélagi því, sem stofnað er í Reykjavík, sækir um, að félagið verði leyst frá þeim skilmála, sem því var settur samkvæmt bræfi stjórnarráðsins 11. febrúar f. á.¹⁾ þá er félaginu var veittur 100 rd. styrkur til byssukaupa, en skilmáli þessi var sá, að, ef lærisveinum í Reykjavíkur skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að æfa sig á að fara með byssur, þá lèti félagið borgunarlaust fram byssurnar, sem tilfengnar eru, og skotsvæði það og skothýsi, sem félagið hefir búið sèr til, svo að piltar mætti halda þar æfingar sínar, haði þèr, herra stiptamtmaður, í bræfi 22. febrúar þ. á. skotið þessu máli til úrskurðar stjórnarráðsins, og jafnframt getið þess, að félagsmenn hafi líklega mis-skilið það skilyrði, sem getið var um, þannig, að þeir haldi, að

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 588.

lærisveinar skólans samkvæmt því geti æft sig með byssunum í skothýsi félagsins hvenær sem þeir vilja, en að meining yðar, er þér stunguð uppá því, að skilmálinn yrði settur félaginu, hafi verið, að lærisveinum aðeins gæfist kostur á að hafa not af byssunum og skothýsinu á þeim tímum, er ætlaðir yrði til skotkennslu.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að með því að stjórnarráðið er samdóma yður um skilninginn á hinu tiltekna skilyrði, þá verður fyrstæður úrskurður stjórnarráðsins að standa óraskaður, en það er undir yður komið, að gefa sækendum visbendingu um réttan skilning á úrskurðinum.

1870.
31. maí.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til aðalskattastjórnarinnar, um breytingu á skipsnafni.

31. maí.

Um leið og aðalskattastjórnin sendi hingað meðfylgjandi bænarskrá, sem stjórnarráðið nú sendir aptur með tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem kaupmaður C. F. Siemsen í Reykjavík sækir um leyfi til að breyta nafninu á skonnortuskipi »Katrínu«, sem hann hefir keypt, en áður átti heima á Faney, og er að stærð $92\frac{4}{100}$ »registertons«, samkvæmt þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, dagsettu 12. júlím. f. á., og eptirleiðis láta skipið heita »Reykjavík«, hefir skattastjórnin getið þess í bréfi, dagsettu 19. febrúarm. þ. á., að ekkert sè nafnabreytingu þessari til fyrirstöðu frá sinni hálfu, og það því síður, sem þetta skip framanaf kemst ekki innundir skrásetningarlögin, er þau fyrst öðlast gildi, að svo miklu leyti er snertir Ísland, 1. ágústm. þ. á. Skattastjórnin hefir þar næst látið það í ljósi, að efasamt gæti verið, eins og aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir dregið á í álittskjali sínu um þessa bænarskrá, hvort sækjandinn hafi heimild til að láta skip sín sigla með dönsku flaggi, þó hann reyndar sè eigandi að verzlunarstað í Reykjavík, en muni eiga heima í Hamborg, og hefir skattastjórnin skotið því til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, að hve miklu leyti megi álíta, að sækjandinn búi að sömu kjörum og þeir, sem í raun rættri eiga heima á Íslandi.